

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. júlí 2008
Tilvísun: UST20080500120/ksj

Deiliskipulagstillaga í landi Villingavatns í Grafningi, svæði B lóð nr. 31

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa uppsveita Árnassýslu er barst þann 23. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulagstillögu um lóð nr. 31 á svæði B við Villingavatn í Grafningi.

Um er að ræða svæði úr jörðinni Villingavatn í Grafningi (Landnúmer 170831). Svæðið er undir Einbúanum norðanverðum, við Þingvallavatn. Lóðin er 6.230 m² að stærð og skilmálar gera ráð fyrir aðal- og aukahúsi samtals 189 m². Í staðfestu aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps er gert ráð fyrir frístundabyggð á svæðinu.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna

Náttúruminjar

Svæðið sem lóð nr. 31 er skipulögð á er á verndarsvæði Þingvallavatns samkvæmt lögum nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Einnig er í gildi á svæðinu reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns eins og fram kemur í greinargerð með skipulagstillögunni. Þingvallavatn ásamt eyjum og strandlengju umhverfis vatnið er á náttúruminjaskrá (743), en í skránni segir: **Þingvellir og Þingvallavatn, Þingvallahreppi, Grafningshreppi, Grímsneshreppi, Árnassýslu. (1) Þingvellir og land jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka samkvæmt sérlögum nr. 59/1928. Þingvallavatn, ásamt eyjum og strandlengju umhverfis vatnið. (2) Þingvellir eru einstæður sögustaður, landslag stórbrotið og fágætt að jarðfræðilegri gerð. Þingvallavatn er lífauðugt vatn í sigdal og má þar m.a. finna fjögur afbrigði af bleikju.**

Frárennsli


Umhverfisstofnun telur að í skilmálum þurfi að fjalla skýrar um frárennsli og kröfur er það varðar vegna staðsetningar frístundalóða innan vatnasviðs Þingvallavatns. Umfjöllun um rotþró er misvísandi. Umhverfisstofnun bendir á að fjalla ætti í skilmálum um hreinsivirki en ekki rotþró, til aðgreiningar. Einnig þarf að koma fram að hönnun og útfærsla hreinsivirkja verði í samráði við og samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands samanber 20. grein reglugerðar nr. 650/2006.

Umhverfisstofnun bendir á að Þingvallavatn er viðkvæmt fyrir köfnunarefnismengun og því þarf að hreinsa það sérstaklega úr frárennsli.


Niðurstaða

Deiliskipulagssvæðið eða svæði B í landi Villingavatns þar sem gert er ráð fyrir lóð nr. 31 er á svæði sem þegar hefur verið raskað með slóðagerð og kemur lóðin til viðbótar við frístundabyggð sem fyrir er á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á athugasemdir varðandi frárennsli, en gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllt



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun